

Sérkjarasamningur

milli VR og Landssambands íslenskra verzlunarmanna

og

Samtaka atvinnulífsins vegna Icelandair ehf. hins vegar um kaup og kjör starfsmanna sem vinna vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu í innanlandsflugi.

1.gr. Gildistími.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við sérkjarasamning aðila og gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028.

2.gr. Laun

Hækkun kauptaxta:

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. febrúar 2024.

	1. febrúar 2024	1. janúar 2025	1. janúar 2026	1. janúar 2027
Grunnlaun	468.519	493.641	518.710	543.728
Eftir 1 ár í starfi	478.696	504.385	530.021	555.607
Eftir 3 ár í starfi	485.831	512.918	540.004	567.091
Eftir 5 ár í starfi	500.350	524.100	547.850	571.600
Eftir 7 ár í starfi	515.033	538.783	562.533	586.283
Tankari eftir 7 ár í starfi	541.942	565.692	589.442	613.192
Þjónustustjórar - grunnlaun	549.973	573.723	597.473	621.223

Fjárhæð bílapeninga hækkar frá 1. febrúar 2024 og verður kr. 3.590,-

9. gr. Skópeningar breytist og verður eftirfarandi:

Fastráðið flugþjónustufólk sem klæðist einkennisfatnaði fær greidda skópeninga 1. október ár hvert.

Upphæð skópeninga þann 1. febrúar 2024 er kr. 52.692,- Fjárhæðin tekur breytingum 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á skólið (032) í vísitölu neysluverðs grunnur 2008=100, m.v. vísitölu ágústmánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (180,2 stig) í febrúar 2024

Bókun.

Verði á samningstímanum tekið upp almennt kaupaukakerfi hjá Icelandair ehf. sem byggist á öðrum þáttum en OPT kaupaukakerfi þessa sérkjarasamnings þá getur hvor aðila óskað viðræðuna um breytingar á kaupaukakerfi samningsins.

Reykjavík 5. apríl 2024

Fh. VR

Fh. Samtaka atvinnulífsins
vegna Icelandair ehf.

Fh. Landssambands ísl. Verzlunarmanna